

Nd.

120. Nefndarálit

[74. mál]

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta hefur verið til athugunar í fjárhagsnefnd, en ekki hefur náðst samkomulag um afgreiðslu þess. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með breytingu þeirri, er síðar verður getið.

Í efnahagskerfi, sem byggir svo mjög á náttúrubundnum atvinnuvegum sem raun er á hér á landi og auk þess er mjög háð erlendum mörkuðum, má jafnan gera ráð fyrir, að breytingar geti gerzt með tiltölulega skömmum fyrirvara, bæði að því er snertir t. d. aflafeng í fiskveiðunum eða sölu og verðlag á afurðum á erlendum mörkuðum.

Á undanförunum árum hafa báðir þessir þættir verið sjávarútveginum að mestu hagstæðir. Hefur þetta, ásamt aukinni framleiðni, skapað skilyrði til örari efnahagsþróunar og batnandi lífskjara í ríkari mæli en þekkt hefur hér á landi áður á sambærilegum tíma.

Á síðari hluta þessa árs hefur hins vegar sú breyting á orðið, að í stað hagstæðrar verðlagsþróunar á útflutningsafurðum hefur orðið tilfinnanleg verðlækkun á þýðingarmestu afurðum sjávarútvegsins.

Hér hafa að þessu leyti skapað gjörbreytt viðhorf fyrir útflutningsatvinnuvegina, sem hafa leitt til þess, að þeir eru ekki færir um að taka á sig kostnaðarhækkanir.

Ríkisstjórnin hefur með frv. þessu stigið mikilvægt skref til að skapa skilyrði fyrir því, að frekari hækkanir verði ekki um sinn á framleiðslukostnaði útflutningsatvinnuveganna.

Er ríkisstjórninni með frv. heimilað að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frv. var lagt fyrir Alþingi, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði né heldur hvers konar þjónustu eða álagningu, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru.

Skipulagi verðlagsmála er þannig háttað, að um þau fjalla ýmsar nefndir og önnur stjórnvöld. Að athuguðu máli þótti því rétt að tryggja það, að fullt samræmi yrði í framkvæmd þeirrar stefnu, er í frv. felst, en það er mjög áriðandi, ef slík lög eiga að ná þeim tilgangi, sem að er stefnt. Ríkisstjórnin hefur því óskað eftir því við nefndina, að hún flytti breytingartillögu við 1. gr. frv., og hefur meiri hl. nefndarinnar í framhaldi af því samþykkt að leggja til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. másl. 1. gr. komi nýr másl., svo hljóðandi:

Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 8. des. 1966.

Davíð Ólafsson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen.

Jónas G. Rafnar.